

Atburðir dymbilviku

Lýsingu á atburðum síðustu vikunnar í lífi Jesú er að finna í öllum guðspjöllunum fjórum (Matt. 21-28, Mark. 11-16, Lúk. 19:28-24 og Jóh. 12-21). Ef við teljum niður og byrjum á pálmásunnudegi, er atburðarásin á þessa leið:

Sunnudagur – Pálmásunnudagur

Jesús kemur til Jerúsalem, ríðandi á asna. Hann grætur er hann segir frá því að borgin muni verða lögð í rúst. Hann fer svo aftur til Betaníu og gistir þar um nóttina.

Mánudagur

Jesús fer í musteríð og rekur sölumenn og víxlara þaðan út.

Þriðjudagur

Jesús kennir í musterisgarðinum og deilir við faríseana og saddúkeana. Þaðan fer hann til Olíufjallsins og talar um heimsendi.

Miðvikudagur

Yfirvöld leggja á ráðin um dauða hans og Júdas kemur til liðs við þá. Jesús talar í hinsta sinn til mannfjöldans. Við kvöldverð í Betaníu hellir María ilmsmyrslum yfir fætur Jesú.


Fimmtudagur, skírdagur

Páskar undirbúinir. Pétur og Jóhannes eru sendir í ákveðið hús í Jerúsalem, til að undirbúa kvöldverð. Jesús þvær fætur lærisveinanna (af því ber dagurinn síðan nafn, „þvottadagur“, skír merkir hreinn) og neytir að því búnu síðustu kvöldmáltíðarinnar með vinum sínum. Júdas fer út til að leggja á ráðin um handtöku meistarans. Jesús og lærisveinarnir ellefu fara inn í Getsemanegarðinn. Jesús á bæn. Um kvöldið fer Júdas með hermenn og lögreglu inn í garðinn. Jesús er handtekinn; lærisveinarnir flýja. Jesús er yfirheyrður af æðsta prestinum og ráðinu. Pétur eltir Jesú til hallarinnar; úti fyrir neitar hann því að vera lærisveinn hans.



Föstudagur

Æðsta ráðið framselur Jesú til Pílatusar. Júdas tekur líf sitt. Yfirheyrsla hjá Pílatusi. Jesús sendur til Heródesar. Þaðan aftur til Pílatusar sem reynir að fá hann leystan úr haldi. En fólkíð heimtar Barrabas í staðinn. Pílatus kveður upp dóm en þvær hendur sínar. Jesús er húðstrýktur og smánaður. Jesús ber krossinn um götur Jerúsalem, þar til hann örmagnast og vegfarandi er neyddur til að grípa inn í. Rómverskir hermenn krossfesta Jesú skammt utan við borgina, á Hauskúpuhæð, Golgata. Móðir hans og nokkrir lærisveinar horfa á. Skyndilega dimmir



yfir; það er sólmyrkvi, frá hádegi til klukkan þrjú, er Jesús deyr. Þá nötrar jörðin og tjaldið mikla sem hangir fyrir „því allra helgasta“ í musterinu, rifnar í tvennt. Fréttir berast af undarlegum atburðum í Jerúsalem. Hermaður rekur spjót gegnum Jesú, til að fullvissa sig um að ekkert lífsmark sé með honum. Tveir ráðherrar, Jósef frá Arímaþeu og Nikódemus, fá að jarðsetja líkið. Gröfin er innsiglið og hermenn settir þar á vörð.



Þannig er í stuttu máli það sem gerðist hina ör-lagaríku daga fyrir botni Miðjarðarhafs í kringum árið 30 e.Kr. En rödd þessa einstæða manns dó ekki út í tómið. Hún lifir. „Eins og kornið, sem fellur í jörð, gefur af sér mikið ax, án þess að missa neitt af krafti sínum, heldur er falið í öllum kornum þess, á sama máta dó herrann og opnaði með því iður jarðar og nam á brott sálir mannanna.“ Þetta ritaði Kyrillos biskup af Alexandríu, um 400 árum eftir nefnda atburði, og vitnar með því til orða Jesú sjálfs um hveitikornið (Jóh. 12:23-24), en þar mælti hann: „Stundin er komin, að Mannssonurinn verði gjörður dýrlegur. Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef

hveitikornið fellur ekki í jörðina og deyr, verður það áfram eitt. En ef það deyr, ber það mikinn ávöxt.“ Og Sigurbjörn Einarsson biskup gefur á líkan hátt útlendum sálmi þennan íslenska búning, í 3. erindi: Hann var hveitikornið, heilagt lífsins sáð, sent til vor að veita vöxt í ást og náð. Himnanna ljómi lýsir gröf hans frá. Kristur, lát þinn kærleik kveikja þitt líf oss hjá.

Sigurður Ægisson